

kröfum sínum og ekkert virðist við þær athugavert, verða þær teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður ákveðst kr. 2000.00, og er þá tekið tillit til þess, að lögtaksréttur á útsvari 1959 og 1960 er ekki fyrndur, þannig að ekki verður séð, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að stefna og taka dóm fyrir útsvari þeirra ára.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Valgeir Helgason, greiði stefnandanum, sveitarstjóranum í Njarðvíkurhreppi f. h. hreppsins, kr. 24.331.00 auk 12% ársvaxta af kr. 4.585.00 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 8.755.00 frá þeim degi til 1. janúar 1959, af kr. 14.335.00 frá þeim degi til 1. janúar 1960, af kr. 18.060.00 frá þeim degi til 15. október 1960 og af kr. 24.331.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað með kr. 2000.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 161/1959. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákæra um ölvun við akstur. Blóðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæruatriði máls þessa eru tvö: 1. Að ákærði hafi ekið bifreið í tiltekið skipti, þótt hann væri með áhrifum áfengis, og 2. að hann hafi ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis í sama skipti.

1. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað frekari sakargagna um þetta ákæruatriði.

Vitnið Ingimar Kristján Jónasson hefur staðfest fyrir dómi, að hann hafi, að því er ætla má, sama kvöld og í héraðsdómi

greinir, hitt ákærða og stúlku þá, er þar getur, að Hótel Borg, boðið þeim að borði sínu og hafi þau setið þar um klukkustund. Vitnið sá þá engin áfengisáhrif á ákærða, sá hann ekki neyta neins vins og ber, að ákærði hafi sagt, að hann vildi ekki neyta þess, þar sem hann væri með bifreið.

Þá hefur prófessor Jón Steffensen gefið ýtarlega skýrslu um aðferðir þær, sem beitt er á rannsóknarstofu hans við ákvörðun á áfengismagni í blóði með sérstöku tilliti til þeirrar rannsóknar á blóði ákærða, sem getur í héraðsdómi. Í skýrslu þessari segir m. a.: „... Aðferðin byggist á hæfileika alkóhóls til að reducera ýms málmsölt. Í rannsóknarstofunni er kalíumdichromat notað, sem er það salt, sem langmest er notað við alkóhólmælingar af þessu tagi. Kalíumdichromatið er haft í sterkri brennisteinssýru upplausn ($0.214 \text{ g K}_2\text{Cr}_2\text{O}_7$ er leyst upp í $1 \text{ cm}^3 \text{ H}_2\text{O}$ dest. og síðan þynnt upp í 100 cm^3 með H_2SO_4 conc), og er oxyderandi máttur upplausnarinnar mældur með 0.01N -natrium-thiosulfat upplausn. Mælingin er gerð á þann hátt, að 3 cm^3 af dichromatupplausninni eru þynntir með 25 cm^3 af vatni, síðan er bætt í 1 cm^3 af 10% kalíumjodidupplausn og myndast þá frítt jöð svarandi til oxydationsgetu kalíumdichromatsins. Magn fria jöðsins er svo ákveðið með titration með 0.01N — Natrium-thiosulfat og sterkjuupplausn notuð sem indikator.

Alkóhólmælingin fer fram á þann hátt, að á botninn á víðu tilraunaglasí er látinn filtrerpappír og síðan er mældur $\frac{1}{2} \text{ cm}^3$ af upplausninni, sem á að rannsaka, og filtrerpappírinn látinn drekka hana í sig. Áður er búið að mæla 3 cm^3 af kalíumdichromatupplausninni í vitt glas, og er það nú látið ofan í filtrerpappírinn í tilraunaglasinu og því lokað vandlega. Annað tilraunaglas er útbúið á sama hátt, nema að í stað alkóhólupplausnarinnar er látinn $\frac{1}{2} \text{ cm}^3$ af hreinu vatni í filtrerpappírinn, og er þetta nefnt blindprufa. Bæði tilraunaglösin eru síðan höfð í sjóðandi vatnsbaði í eina klukkustund. Við það eimast rokgjörn efni eins og alkóhól yfir í kalíumdichromat-upplausnina, sem reducerast að því skapi, sem alkóhólið er mikið, og oxyderandi máttur hennar þverr tilsvareandi. Hve miklu það nemur, er mælt með titr-

ation á kalíumdichromat-upplausnunum úr báðum tilraunaglösunum á þann hátt, sem að ofan er lýst, og draga titrationstölu upplausnarinnar, sem var með alkóhólprufunni, frá gildi blindprufunnar. Með því að rannsaka alkóhólupplausnir af þekktum styrkleika hefur fundizt að $\frac{1}{2}$ cm³ af 1 % upplausn reducerar kalíumdichromat-upplausn, sem samsvarar 4,36 cm³ af 0.01N — natríum — thiosupfat-upplausn.

Alkóhólmagn í blóði er mælt, eins og að ofan greinir, nema hvað þá er $\frac{1}{2}$ cm³ af blóðinu, sem á að rannsaka, látinn í filtrerpappírinn í stað alkóhólupplausnar. Á hverju blóðsýnishorni, sem kemur til alkóhólrannsóknar, eru gerðar tvær mælingar á alkóhólmagninu í því og tekið meðaltal þeirra, og er það sú tala, sem send er hlutaðeiganda. Fyrir blóðsýnishorn nr. 148 frá 5/11 '58 var þessi tala 0.51 %, en hver einstök mæling gaf útkomurnar 0.47 og 0.55 %.

Á öllum mælingum er einhver mælingarskekkja, og mín reynsla af ofangreindri aðferð til alkóhólmælinga er, að það megí gera ráð fyrir allt að 0.2 % mismun á tveim mælingum á sama blóðsýnishorni. Það, sem því mælingin á blóðsýnishorni nr. 148 raunverulega segir, er, að það séu um 99% líkur fyrir því, að magn reducerandi efna í blóðinu liggi einhvers staðar á milli 0.41 % og 0.61 % miðað við alkóhól...

Að lokum vil ég vekja athygli á því, að aðferð sú, er hér hefur verið lýst til mælinga á alkóhóli í blóði, mælir magn rokkgjarnra, reducerandi efna í því, en ekki eingöngu magn alkóhólsins. Í blóði heilbrigðra manna er aðeins óverulegt magn af rokkgjörnum, reducerandi efnum, alkóhóli og ketóefnum, sem enga raunhæfa þýðingu hafa fyrir ölvunarmál, en við nokkra sjúkdóma, s. s. sykursýki og lifrarskemmdir, geta ketó-efnin aukizt svo mjög í blóðinu, að þau hafi verulega þýðingu við mat á alkóhólmagni í blóði. Ef um slíkan sjúkling er að ræða, er sjálfsagt að endurtaka blóðrannsóknina, þegar hann er sannanlega ekki undir áhrifum áfengis eða annarra utan að komandi efna, er auka rokkgjörn reducerandi efni í blóðinu“.

Að fyrirlagi Hæstaréttar var málið því næst lagt fyrir

Læknaráð þann veg, að óskað var umsagnar um niðurstöðu vottorðs frá rannsóknarstofu Jóns Steffensens prófessors, dags. 5. nóvember 1959, svo og um rannsóknaraðferð þá, sem lýst er í framangreindri skýrslu prófessorsins. Í ályktun Læknaráðs segir:

„Læknaráð telur þá aðferð, sem notuð er í rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens fullgilda til alkóhólrannsókna á blóði, enda er hún mikið notuð.

Einnig er deildin sammála því, sem hann segir í bréfi sínu, dags. 5. nóvember 1959, um nákvæmni þessarar rannsóknar. Slíkar rannsóknir hafa óhjákvæmilega nokkra skekkju í för með sér, og er því hæpið, eins og próf. Steffensen tekur fram, að miða við fundið mælingarmagn í blóði, t. d. 0.5 ‰, eins og engu geti skeikað við mælinguna.

Þá ber og að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, sem mælast sem alkóhól, en eru það ekki. Enda þótt þeirra gæti almennt svo lítið, að litlu máli skipti, þá sýnist sjálfsagt að reikna með þeim, þar sem svo glögg er ástatt sem hér.

Í bók réttarlæknisfræðinganna H. Elbel og F. Schleyer (Der Blutalkohol, Stuttgart, 1956) um þessi efni, er á bls. 9 tekið fram, að „eðlileg“ reducerandi efni blóðsins nemi 0.03 ‰. Þegar þau eru dregin frá, yrði raunverulegt alkóhólmagn blóðsins 0.48 ‰ í þessu tilfelli. Þessir höfundar taka fram, að þessi reducerandi efni séu meiri í venublóði og meiri að kvöldi dags en endranær. Blóðið var tekið úr venu ákærða að næturlagi, og verður því að gera ráð fyrir, að reducerandi efni í því hafi ekki verið undir 0.03 ‰.“.

Þegar lítið er til þessara læknisfræðilegu gagna, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærða í framangreint skipti hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Að svo vöxnu máli og þar sem önnur sakargögn eru ekki því til styrktar, að ákærði hafi í nefnt sinn verið með þeim áfengisáhrifum, að varði við þau ákvæði laga, sem greinir í þessum þætti ákæru, ber að sýkna hann af ákæruatriði þessu.

2. Í lögregluskýrslu Ragnars Bergsveinssonar lögreglu-

þjóns segir, að ákærði hafi ekki í umrætt sinn haft ökuskirteini sitt meðferðis. Skýrslu þessa hefur lögregluþjónninn staðfest fyrir dómi. Hins vegar hefur ákærði ekki verið spurður um ákæruatriði þetta, og verður því eigi um það dæmt.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, á að vera sýkn af framangreindum kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Sigurðar Ólasonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1959.

Ár 1959, föstudaginn 6. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2928/1959: Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Bjarnasyni Melsteð, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 21. janúar 1959, höfðað gegn ákærða Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted trésmið, Rauðarárstíg 3, Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 3. nóvember s.l. ekið bifreiðinni R 9664 víðsvegar um götur Reykjavíkur og nágrenni, m. a. eftir Álfhólsvegi í Kópavogi um kl. 0200, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekki haft ökuskirteini sitt meðferðis umrætt sinn.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. sbr. 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. sbr.

3. mgr. 81. gr. umferðarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 5. maí 1908 að Framnesi, Skeiðum. Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1931 28/5 Sátt, sekt, 30 kr., fyrir ógætilegan akstur og árekstur.
- 1931 22/6 Sátt, sekt, 50 kr., fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1939 14/8 Sátt, sekt, 10 kr., fyrir brot á umferðarlögum.
- 1941 3/2 Sátt, sekt, 5 kr., fyrir brot á lögum nr. 18/1901, sbr. lög nr. 49/1933.
- 1947 22/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1948 19/11 Dómur lögregluréttar, 1000 kr. sekt og sviptur ökuskríteinu í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1950 6/2 Staðfest í Hæstarétti.
- 1951 17/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1952 8/8 Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og vangreiðslu ökugjalds.
- 1954 27/2 Kærður fyrir vanskil. Fellt niður.
- 1954 28/4 Dómur, 2500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 2 ár, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1956 13/2 Sátt, 3000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. bifreiðalaga.
- 1957 17/9 Sátt, 100 kr. sekt, fyrir brot á bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 3. nóvember 1958, klukkan 0200, stöðvuðu lögreglumenn, er voru við umferðareftirlit, bifreiðina R 9664 á mótum Reykjanesbrautar og Álfrólsvegar í Kópavogsskaupstað. Ákærði ók bifreiðinni. Hann hafði ekki ökuskírteini meðferðis. Lögreglumenn fluttu ákærða á lögreglustöðina í Reykjavík, þar sem þá grunaði hann um ölvun við akstur. Eftir að lögregluvarðstjóri hafði yfirheyrt ákærða, var farið með hann á lækna-
varðstofuna, þar sem tekið var sýnishorn af blóði hans klukkan 0245. Reyndust vera í blóðinu reducerandi efni, er samsvara 0.51‰ af alkóhóli.

Fyrir dómi neitaði ákærði að hafa fundið til áhrifa áfengis við fyrrgreindan akstur sinn, enda ekki neytt víns á seinustu 24 klukkustundum, áður en hann var handtekinn. Að eigin sögn hóf ákærði akstur um nónbil sunnudaginn 2. nóvember s.l. og ók þar til hann var handtekinn, að undanskildum 2—3 klukkustundum í enda sunnudagskvölds, er ákærði dvaldi að Hótel Borg, þar sem hann kvaðst hafa drukkið pilsner og sítrónvatn.

Vitnið Guðbrandur Þorkelsson lögregluvarðstjóri, er yfir-

heyrði ákærða á lögreglustöðinni, þar fyrir dómi, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, augu hans dauf og vot, en andlitið þrútið og rjótt. Sagði vitnið ákærða þreytulegan og óupplitsdjarfan.

Vitnið Ragnar Guðmundur Bergsveinsson lögreglumaður, er stóð að handtöku ákærða umrætt sinn, taldi hann hafa verið eitthvað með áhrifum áfengis. Áfengisþefur hafi verið úr vitum ákærða, hann hafi verið rauður og þrútin í andliti og augu hans vot og rauð. Sagði vitnið, að framburður ákærða hefði verið mjög á reiki fyrst í stað, þannig að ákærði hafi viljað leyna komu sinni að Hótel Borg. Vitni þetta vann eið að framburði sínum.

Bæði framangreind vitni báru, að ákærði hafi hliðrað sér hjá að blása í áfengisskynjara, er þess var óskað. Ekki sögðu vitnin ákærða hafa ymprað á neyzlu blóðmeðala. En ákærði hafði orð á því fyrir dómi, að hann hefði tekið inn eina túbu af blóðmeðali fyrir hádegi sunnudaginn 2. nóvember s.l., eða minnst 14 klukkustundum áður en hann lauk akstri. Taldi ákærði lyf þetta e.t.v. hafa aukið „alkóhólmagn“ í blóði hans. Þegar til þess er litið, að ákærði gat enga nánari grein gert fyrir lyfi þessu sem og hins, hversu langur tími líður frá sagðri neyzlu þess, verður nefnd málsvörn ákærða ekki til gagnsmuna í máli þessu, enda mæla vitnaframburðir henni í gegn.

Árangurslausar tilraunir voru gerðar til að kveðja fyrir dóm Hrefnu Hrafnfjörð, Sólvangi, Hafnarfirði. Hún var farþegi í bifreið ákærða umrætt sinn, ofurölva að sögn lögreglumanna.

Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar, sem er í samræmi við vitnaframburð og önnur gögn málsins, telst ákærði hafa brotið gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þykir refsing hans samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 1. sbr. 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsteð, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 81/1960. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted

(Sigurður Ólason hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákærði ók bifreið, eftir að honum hafði verið dæmd svipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1959 var ákærða dæmd varðhaldsrefsing fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum og hann sviptur ökuleyfi ævilangt. Dómur þessi var birtur ákærða 23. s. m., og var honum síðar áfrýjað til Hæstaréttar, sem með dómi, upp kveðnum í dag, sýknaði ákærða af framangreindri ákæru. Ákærði var enn með ökuskírteini sitt í sínum vörzlum, þegar hann var tekinn við akstur 12. nóvember 1959, en vegna þess aksturs er ákærði í máli þessu sóttur til refsingar fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 frestar áfrýjun dóms ekki áhrifum hans, að því er varðar sviptingu ökuleyfis. Með framangreindum akstri hefur ákærði því brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem greind eru í ákæruskjali, og breyta úrslit framangreinds hæstaréttarmáls engu þar um. Eftir málavöxtum og þá sérstaklega með tilliti til þess, að eigi var gerð gangskör að því, að ákærði afhenti lögregluþfyrirvöldum ökuskírteini sitt samkvæmt 7. mgr. 81. gr.